

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Alþingi
Erindi nr. P 143/1390
komudagur 3.4.2014

Erindi nr. HH13U143.0402

Dags. 03.04.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 402. mál á 143. löggjafarþingi
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001,
með síðari breytingum (fyrning uppgjörskrafna)

Hagsmunasamtök heimilanna eru eindregið hlynnt yfirlýstu markmiði frumvarpsins, sem er það að koma í veg fyrir að fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögmætrar verðtryggingar lánsamninga í formi gengistryggingar renni út þann 16. júní nk. Samtökin telja afar mikilvægt að öllum vafa sé útrýmt um skýlausan rétt neytenda til fullrar leiðréttingar lána sinna óháð fyrningu.

Engin ástæða er sýnileg fyrir því að slíkar kröfur ættu yfirhöfuð að fyrnast, þar sem það hlýtur að vera fortakslaus skylda lánveitenda að leiðrétta þau lán sem þarf að leiðrétta, og eftir atvikum að endurgreiða viðskiptavinum sínum oftekið fé. Reynsla af framkvæmd slíkra leiðréttinga og uppgjörshafur verið á þá leið að í sumum tilvikum hafa þeir lánveitendur sem í hlut eiga tekið sér afar langan tíma til að endurreikna lán og hafa margir þeirra viðskiptavina sem um ræðir þurft að bíða lengur en tárum tekur eftir því að fá stöðu sína leiðrétta. Ekki getur með nokkru móti verið ásættanlegt að slíkar tafir valdi hættu á því að endurkröfuréttur neytenda fyrnist hugsanlega.

Í ljósi þessa myndu samtökin jafnvel vilja að gengið yrði lengra en lagt er til með frumvarpinu og að í stað átta ára yrði kveðið á um að fyrningarfrestur reiknist frá þeim degi sem rétt og endanlegt uppgjör vegna ofgreiðslna hefur farið fram gagnvart skuldara sem er neytandi. Þannig myndu neytendur vera öruggir með rétt til leiðréttinga óháð fyrningu og um leið myndi skapast hvati fyrir lánveitendur að ljúka uppgjöri sem fyrst þar sem að öðrum kosti safnist áfallandi vextir á endurkröfur neytenda, lánveitendum til óhagræðis. Af sömu ástæðum telja samtökin einnig mikilvægt að þrýst verði á um skjótt uppgjör með því að kveða á um að reikna skuli dráttarvexti á endurkröfur neytenda frá og með upphafsdegi fyrningartímabilsins þann 16. júní 2010, hafi uppgjöri þeirra ekki verið lokið við gildistöku lagabreytingar samkvæmt frumvarpinu.

Loks vilja samtökin benda á að samkvæmt núverandi orðalagi bráðabirgðaákvæðis XIV. sem myndi breytast samkvæmt frumvarpinu, nær það einungis til uppgjörskrafna vegna ólögmætrar verðtryggingar lánsamninga í formi gengistryggingar. Ljóst er því að ákvæðið nær ekki til uppgjörskrafna vegna annarra lánsamninga til að mynda þeirra sem óheimilt gæti reynst að innheimta lánskostnað vegna þess að hans hafi ekki verið getið í lánsamningi við neytanda.

Samtökin vekja sérstaklega athygli á því að fyrir dómstólum eru nú allnokkur mál þar sem reynir á lögmæti lánessamninga, þar á meðal lánasamninga með verðtryggingu í formi tengingar við vísitölu neysluverðs, út frá lögum á sviði neytendaverndar. Sérfróðir aðilar á sviði neytendaréttar hafa bent á umfangsmikla og margvíslega vankanta á slíkum lánessamningum sem gætu haft í för með sér að skilmálar þeirra verði taldir óskuldbindandi að einhverju eða umtalsverðu leyti. Á meðan slík óvissa er uppi eru líkur fyrir því að reynt geti á uppgjörskröfur vegna niðurstaðna fyrrnefndra dómsmála varðandi verðtryggð lán, þar á meðal um hugsanlega fyrningu uppgjörskrafna.

Samtökin telja afar brýnt í ljósi áður fenginnar reynslu, að þess verði gætt að allir lántakendur sitji við sama borð hvað þessi mál varðar og að reynt verði að koma í veg fyrir misræmi á borð við það sem hingað til hefur plagað þau mál sem lúta að uppgjöri vegna ólögmætra gengistryggðra lána. Er því mælt til þess að auk þess að fyrningarfrestur samkvæmt umræddu bráðabirgðaákvæði XIV. verði framlengdur, verði ákvæðinu jafnframt breytt á þá leið að uppgjörskröfur vegna allra lána neytenda falli undir ákvæðið. Meðfylgjandi er útfærð tillaga að framangreindum breytingum.


Hagsmunasamtök heimilanna skora á efnahags- og viðskiptanefnd og einstaka nefndarmenn sem og aðra þingmenn, að veita tillögu þessari brautargengi, til hagsbóta fyrir íslenska neytendur.

- 0 -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna, heimilin@heimilin.is



Vilhjálmur Bjarnason, formaður@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Fylgiskjal I: breytingartillaga

Breytingartillaga

við frumvarp laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða XIV í lögnum orðast svo:

Fyrningarfrestur uppgjörskrafna lántakenda vegna ólögmætrar innheimtu lánskostnaðar reiknast frá 16. júní 2010 og skal vera átta ár frá því tímamarki, eða ná til þess tímamarks þegar slíkar kröfur hafa verið gerðar upp að fullu ef hlutadeigandi endurkröfuhafi er neytandi. Hafi slíku uppgjöri ekki verið lokið við gildistöku þessa ákvæðis skal frá því tímamarki reikna dráttarvexti sbr. 1. mgr. 6. gr. af endurkröfu neytanda allt fram til uppgjörsdags.